

Anton Kári Halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júlí 2014
Tilvísun: UST20140600163/ksj


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárbings eystra 2003 - 2015. Stækkun miðsvæðis á Hvolsvelli


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbings eystra er barst 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárbings eystra 2003 - 2015, stækkun miðsvæðis á Hvolsvelli.

Ofangreind tillaga að breytingu aðalskipulags Rangárbings eystra felur í sér að landnotkun á svæði sem áður var skilgreint sem íþróttasvæði og landbúnaðarsvæði norður af miðsvæði Hvolsvallar er skilgreint sem miðsvæði. Miðsvæði Hvolsvallar stækkar samkvæmt breytingartillögunni til norðvesturs um 4,5 ha, og íþróttasvæðið minnkar að sama skapi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir lýsingu breytingartillögunnar. Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um helstu forsendur kemur fram að sveitarstjórn leggi áherslu á að á svæðinu skuli vera lágrest allt að þriggja hæða byggð. Umhverfisstofnun bendir á að í dag er á Hvolsvallarsvæðinu tveggja hæða byggð ríkjandi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt vegna mögulegra sjónrænna áhrifa að taka tillit til ríkjandi byggðar á svæðinu. Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B Bragason
Lögfræðingur

Skipulagsstofnun